



## **Tökum tillit til skoðana barna**

Samanburður á þátttöku barna í barnaverndarmálum  
á Íslandi og í Noregi

Dögg Þrastardóttir

**Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Tökum tillit til skoðana barna**  
***Samanburður á þátttöku barna í barnaverndarmálum á Íslandi og í Noregi***

Dögg Þrastardóttir  
191187-2619

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf  
Umsjónarkennari: Hervör Alma Árnadóttir

Félagsráðgjafardeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Dögg Þrastardóttir 2011

Prentun: Háskólaprentsmiðjan  
Reykjavík, Ísland 2011

## Útdráttur

Vitundarvakning hefur orðið á síðastliðnum áratugum á mikilvægi þess að hafa samráð við aðila í barnaverndarmálum, börn þar með talin. Barnasáttmálinn, lög landa og margar rannsóknir hafa hvatt til þátttöku barna í eigin málefnum. Tilgangur þessarar heimildaritgerðar var að skoða hver þátttaka barna í barnavernd á Íslandi hefur verið síðastliðin ár og bera stöðuna saman við sambærilega stöðu í Noregi. Einnig var tilgangurinn að varpa ljósi á það hvernig félagsráðgjafi getur aukið hlutdeild barna innan barnaverndar með vinnuaðferðum sínum. Til þess að komast að ofangreindu var notast við fræðilegar heimildir, skýrslur, rannsóknir og lög sérstaklega frá þessum tveimur löndum. Í ljós kom að norska löggjöfin kveður á um þátttöku barna frá sjö ára aldri á meðan sú íslenska miðar við þátttöku frá 12 ára aldri og er ólík aldurskipting í löggjöfunum. Þátttaka barna virðist vera nokkuð svipuð í báðum löndunum en börn eldri en 12 ára fá yfirleitt taka þátt meðan þátttaka yngri barna er mjög takmörkuð. Vilji er fyrir því að börn taki þátt í barnaverndarmálum meðal starfsmanna. Félagsráðgjafi getur eflt þátttöku barna með vinnuaðferðum sínum, þá sérstaklega valdeflingu og með því að tileinka sér aðferðir til að ræða við börn.

## **Formáli**

Bestu þakkir vil ég færa öllum þeim sem á einn eða annan veg aðstoðuðu við ritun á lokaverkefni mínu. Þar vil ég helst þakka leiðbeinanda mínum, Hervöru Ölmú Árnadóttur, fyrir gagnlegar ábendingar og Fríðu Proppé fyrir yfirlestur. Fjölskyldu og vinum færi ég þakkir fyrir almennan stuðning meðan á vinnslu ritgerðarinnar stóð. Án ykkar hefði ég ekki getað þetta.

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Útdráttur .....                                   | 1  |
| Formáli .....                                     | 2  |
| Inngangur .....                                   | 4  |
| 1. Notendasamráð .....                            | 6  |
| 1.1. Kenningar .....                              | 6  |
| 1.2. Skilgreining á notendasamráði .....          | 8  |
| 1.3. Réttindi barna í sögulegu ljósi .....        | 10 |
| 1.4. Barnasáttmálinn .....                        | 11 |
| 2. Börn og notendasamráð .....                    | 13 |
| 2.1. Rannsóknir á notendasamráði með börnum ..... | 13 |
| 2.2. Þátttaka barna .....                         | 15 |
| 2.3. Börn og gagnrýnin hugsun .....               | 16 |
| 2.4. Talað við barn .....                         | 17 |
| 2.5. Hlutverk félagsráðgjafans .....              | 19 |
| 3. Hlutdeild íslenskra barna í barnavernd .....   | 21 |
| 3.1. Íslensk lög um hlutdeild barna .....         | 21 |
| 3.2. Þátttaka barna á Íslandi .....               | 22 |
| 4. Hlutdeild norskra barna í barnavernd .....     | 27 |
| 4.1. Norsk lög um börn og barnavernd .....        | 27 |
| 4.2. Þátttaka barna í Noregi .....                | 28 |
| 5. Niðurstöður og umræður .....                   | 32 |
| 6. Lokaorð .....                                  | 35 |
| Heimildaskrá .....                                | 36 |

## Inngangur

„Ef þú myndir spyrja mig hver sé dýrmætasti fjársjóður heimsins, myndi ég svara, það eru börnin, það eru börnin, það eru börnin.“ (Connolly, 2004, bls. 1). Mikið er til í þessum nýsjálensku orðum enda eru börnin framtíðin og því er nauðsynlegt að huga vel að þeim.

Hér áður fyrr var algeng skoðun að vernda ætti börn frá vandamálum hinna fullorðnu þar sem mál þeirra gætu oft á tíðum verið mjög flókin og erfið fyrir börnin, jafnvel skaðleg. Þar að auki voru þau ekki talin hæf til þess að taka ákvarðanir eða mynda sér skoðanir um flókin en mikilvæg málefni (Cashmore og Parkinson, 2009). Foreldrarnir vissu hvað væri best fyrir börnin og áttu að taka ákvarðanir fyrir þau (Omre og Schjelderup, 2009). Börn eru sá hópur sem hefur haft mjög lítil áhrif og ekki átt möguleika á að láta í sér heyra (Warren, 2007). Á undanförunum árum, eða frá miðjum níunda áratugnum, hefur skoðunin verið að breytast og fólk er farið að átta sig á mikilvægi þess að börnin taki þátt og segi frá sínum skoðunum. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna á mikinn þátt í þeirri breytingu en þar er kveðið á um hlutdeild barna og áður ríkjandi skoðanir gagnrýndar (Cashmore og Parkinson, 2009; Omre og Schjelderup, 2009).

Mun meiri áherslu er nú farið að leggja á þátttöku og samráð við notendur í félagsþjónustunni en áður fyrr (Evrópuráðið, 2004). Þetta á einnig við um börn innan barnaverndar enda eru fjölmargar ástæður fyrir því að leyfa þeim að taka þátt í eigin málefnum. Til að mynda er það þeirra réttur samkvæmt lögum, þau veita mikilvægar upplýsingar sem ekki er hægt að útvega á annan máta. Þátttaka þeirra er einnig mikilvæg til að finna viðeigandi lausn sem allir eru sáttir við. Í lýðræðislegu samfélagi ættu öll börn að fá tækifæri til að taka þátt (Nordisk Ministerråd, 2009). Börnin sjálf eru þar að auki farin að gera meiri kröfur um þátttöku (Stafford, Laybourn, Hill og Walker, 2003). „Íslendingar hafa í gegnum tíðina tekið mið af Norðurlöndunum enda eiga löndin margt sameiginlegt“ (Guðrún Kristinsdóttir, 1993, bls. 18). Markmiðið er að skoða hvernig Íslendingar hafa náð að virkja börn til þátttöku samanborið við Norðmenn til þess að sjá hvar við erum stödd en Norðmenn hafa verið taldir mjög framfarlega á þessu sviði (Barneombudet, e.d.).

Leitast er eftir því að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- Er munur á þátttöku barna í barnavernd í Noregi og á Íslandi?
- Hvernig getur félagsráðgjafi aukið hlutdeild barna?

Til þess að svara ofangreindum rannsóknarspurningum var ákveðið að gera heimildaritgerð. Heimildirnar eru mest megnis rannsóknir, fræðigreinar, bækur og skýrslur sem fjalla um hlutdeild barna. Auk þess er notast við lög, sáttmála og reglugerðir. Flestar heimildirnar eru íslenskar eða norskar svo hægt sé að bera löndin saman en einnig er notast við heimildir annars staðar frá. Í þessari ritsmíð verður fjallað um hlutdeild barna í barnaverndarmálum héraendis og staðan borin saman við sambærilega stöðu í Noregi. Gerð verður grein fyrir hugmyndafræðinni sem liggur að baki og sögulegu samhengi. Einnig verður rýnt í það á hvaða aldri börn eru talin hæf til þess að taka þátt í ákvörðunum og öðru sem tengist lífi þeirra. Fjallað verður um hlutverk félagsráðgjafans og hvernig hann getur aukið þátttöku barna. Sérstaklega verður farið í löggjöfina hér á landi og skoðað í hve miklum mæli er reynt að ræða við börn og verður það borið saman við stöðuna í Noregi.



## 1. Notendasamráð

Í þessum kafla verður farið í hugmyndafræðina sem liggur að baki notendasamráði. Einnig verður hugtakið notendasamráð skilgreint ásamt því að rýna í réttindi barna í sögulegu ljósi. Fjallað verður um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og innihald hans sem kemur inn á þátttöku barna.

### 1.1. Kenningar

Miklar breytingar fóru að eiga sér stað upp úr 1980 sem áttu eftir að breyta vinnuaðferðum félagsráðgjafa. Á tímabili nútímahugmynda (*e. modernism*) voru skoðaðar eðlilegar skýringar á leyndardómum heimsins. Hins vegar var ávallt verið að leita að hinum algilda sannleik um fjölskylduna. Kenningarmiðir samtímahugmynda (*e. postmodernism*) mótmæltu því að til væri einhver algildur sannleikur því veruleikinn tæki sífelldum breytingum og væri mjög fjölbreyttur (Hårtveit og Jensen, 2003; Gergen og Gergen, 2004). Æska landsins mótast af aðstæðum í hinu félags- og menningarlega samhengi og skipta mannleg samskipti höfuðmáli. Áhersla er á margbreytileika barna en þau hafa margar misjafnar raddir og viðhorf. Hvert barn er sérstakt með sínar eigin þarfir og mikilvægt er að leggja áherslu á þeirra styrkleika (Jóhanna Einarsdóttir, 2008-a).

Hugsmíðahyggja (*e. constructivism*) var upphafið að svokallaðri síðari bylgju í fjölskyldumeðferð (Cottrell og Boston, 2002) og eru helstu kenningarmiðir hennar Gregory Bateson, Paul Watzlawick og Humberto Maturana (Hårtveit og Jensen, 2003). Hugsmíðahyggja byggir á þeirri grunnhugmynd að við þurfum að kanna heiminn til þess að öðlast skilning á honum (Gergen og Gergen, 2004). Hugmyndin gerir ráð fyrir að í gegnum samskipti verði til sá skilningur eða merking sem fólk leggur í hlutina. Því er tungumálið mjög mikilvægt en þar verður veruleikinn til (Hårtveit og Jensen, 2003; Cottrell og Boston, 2002). Á þessu tímabili fengu fagaðilar áhuga á merkingu, breytileika raunveruleikans og viðhorfum sem áður höfðu verið útilokuð (Cottrell og Boston, 2002). Leitinni að hinni fullkomnu lausn var hætt því einstaklingar eru mismunandi og þurfa þar af leiðandi mismunandi lausnir (Hårtveit og Jensen, 2003).

Lausnamiðuð meðferð (*e. solution focused therapy*) á að stórum hluta rætur að rekja til hugmyndafræði og aðferða Milton Erikson. Aðrir hugmyndasmiðir eru til að mynda Steve deShazer og samstarfsfólk hans í Fjölskyldumeðferðarstofnuninni (*e. The Brief Family Therapy Institute*) og starfsfólk Geðheilbrigðisstofnunarinnar (*e. The Mental Health Institute*). Kenningin hefur fengið innblástur frá félagslegri hugsmíðahyggju vegna þess að mikil áhersla er lögð á tungumálið. Ekki er gert ráð fyrir að til sé einn raunveruleiki eða sannleikur heldur býr hver og einn einstaklingur til sinn eigin raunveruleika með sínum persónueinkennum og samskiptum við aðra (Gergen og Gergen, 2004; Cottrell og Boston, 2002).

Hingað til hefur fagaðilinn stöðugt verið að einblína á vandamál notandans en kenningarsmiðir lausnarmiðuðu aðferðarinnar telja það ekki vera rétta leið til að ná árangri. Til þess að leysa vandann þarf að ræða við notandann því hann er talinn vita lausn á vanda sínum. Fagaðilinn hlýtur annars konar hlutverk, að afla sér upplýsingar um styrkleika notandans og getu til þess að leysa vandamálið (Gergen og Gergen, 2004; Cottrell og Boston, 2002). Hann þarf að tileinka sér þá tækni að skoða hið jákvæða og fá fjölskylduna til þess að átta sig á því að það séu ekki til vandamál, einungis lausnir. Slíkt eykur sjálfstraust hjá notandanum sem fer að ræða hugmyndir að lausnum í auknum mæli við fagaðilann og trúir á eigin getu til að leysa vandamál sitt (Cottrell og Boston, 2002). *Ég get* er aðferð sem byggist á lausnarmiðaðri hugmyndafræði og er hún kynnt í bókinni *Börn eru klár eftir Ben Furman*. Hugmyndasmiðir hennar telja börn hafa þá færni sem þarf til að leysa eigin vanda. Vandamál þeirra stafa af því að þau hafa ekki náð að þroska þessa færni og þurfa því aðstoð til þess. Mikilvægt er að draga fram styrkleika og eiginleika barns á jákvæðan hátt og horfa á það sem gengur vel, ekki það sem gengur illa. Barn er hvatt til þess að tileinka sér æskilega hegðun í stað þess að fá það til þess að hætta óæskilegri hegðun (Helga Þórðardóttir, 2007).

White og Epsen settu fram hugmyndina um frásagnaraðferðina (*e. narrativism*) á níunda áratug síðustu aldar en hún á einnig rætur að rekja til hugsmíðahyggju. Kenningarsmiðir frásagnaraðferðarinnar leggja áherslu á tungumálið og telja nauðsynlegt að endurskoða notkun þess og eðli. Einungis er talið að hægt sé að greina vandamál í gegnum frásögn þess einstaklings sem á í hlut (White og Epsen, 1990; Gergen og Gergen, 2004; Cottrell og Boston, 2002). Með þeirri frásögn er

hægt að búa til nýja sögu og þar með finna leið til að vinna á erfiðleikunum (Gergen og Gergen, 2004, Cotrell og Boston, 2002). Hlutverk fagaðila er að sjá hið jákvæða í sögunni en til þess að leysa úr vandamálinu nýtir hann persónulegan áhuga og bréfaskriftir. Einnig nýtir hann aðra sem lent hafa í svipaðri stöðu og notendurnir til þess að segja frá sinni sögu og hvernig þeir leystu vandann. Þeim mun jákvæðari sem notandinn verður, því léttvægara verður vandamálið (Cottrell og Boston, 2002).

## *1.2. Skilgreining á notendasamráði*

Erfitt hefur reynst að útskýra hugtakið einstaklingsmiðuð félagsleg þjónusta í evrópsku samhengi hvað þá á heimsvísu. Eftirfarandi skilgreining útskýrir hugtakið á nokkuð skilmerkilegan máta : „Einstaklingsmiðuð þjónusta er þjónusta sem venjulega er veitt einstaklingum og miðast við sérstakar þarfir þeirra og aðstæður, ólíkt staðlaðri þjónustu þar sem miðað er við fólk sem hluta af tilteknum flokkum.“ (Evrópuráðið, 2004, bls. 5). Til þess að þjónustan geti verið einstaklingsmiðuð er nauðsynlegt að vera í samráði við notendurna enda sé það leið til þess að bæta þjónustuna. Dahlberg og Vedungs segja að með aukinni hlutdeild notenda verði þjónustan betri og skilvirkari. Notendur öðlist aukið vald, verði öruggari, færari í að bjarga sér sjálfir og jákvæðar breytingar verða á sambandi stjórnanda og notanda. Kerfið verður skilvirkara og að lokum telja þeir þessa auknu hlutdeild vera kennslu í lýðræði í samfélaginu (Evrópuráðið, 2004) sem getur dregið úr ójafnvægi milli notenda og fagaðila. Notendur verða þar af leiðandi sjálfsöruggari og meira sjálfbjarga (Lára Björnsdóttir, 2006).

Notendasamráð er fremur flókið hugtak og er þýðing þess mjög mismunandi eftir því hver á í hlut (Warren, 2007). Lýðræðis- og mannréttindasjónarmið eru mjög mikilvæg og skiptir þátttökurétturinn og það að hafa eitthvað að segja höfuðmáli (Heikkilä og Julkunen, 2003). Með notendasamráði er átt við að fólk eigi sjálft að vera hluti af því að móta þjónustuna. Notandinn er ekki lengur einstaklingur heldur hluti af félagslegum hópi sem tekur þátt í umræðum sem leiða til ákvörðunar um hvernig farið sé að eða hvað sé gert. Þessi aukna hlutdeild notenda getur átt við um félagslega þjónustu þar sem að grasrótin fer í samvinnu

við fagaðila og stofnanir þeirra við að skipuleggja og meta þá þjónustu sem er í boði. Þar af leiðandi verða notendurnir sjálfir að leggja fram vinnu sína, tíma og orku til þess að breyting geti orðið á (Evrópuráðið, 2004). Með notanda er átt við einstakling sem notar eða hefur nýtt sér þjónustu eða fengið stuðning frá ríkinu, sjálfboðaliðasamtökum eða einkageiranum. Víðari skilgreining telur notanda vera einstakling sem þarf að nýta sér félagslega þjónustu eða umönnun (Warren, 2007).

Greinarmunur hefur verið gerður á því hvort um þátttöku notenda (*e. user participation*), hlutdeild notenda (*e. user involvement*) eða valdgjöf notenda (*e. user empowerment*) sé að ræða. Með þátttöku er átt við að notandi sé upplýsingagjafi og tekur því einungis þátt að hluta til. Aðgerðir notanda hafa áhrif á þjónustuferlið að einhverju leyti með hlutdeild sinni en valdgjöf er róttækasta leiðin til aukinnar hlutdeildar notanda. Með því er átt við að notandi reki og stjórn þjónustunni enda hafa fagaðilar gefið frá sér stjórn og vald en það er mjög sjaldgæft. Einnig er hægt að segja að valdgjöf eigi sér stað þegar notendur öðlast aukið vald með vaxandi þekkingu og getu (Evrópuráðið, 2004; Heikkilä og Julkunen, 2003; Lára Björnsdóttir, 2006).

Kostir þess að notandi taki þátt í ferlinu eru fjölmargir, bæði fyrir hann sjálfan og fagaðilann. Fólk getur haft áhrif á eigið líf, það eykur traust og sjálfsálit, veitir gagnkvæman stuðning og fær fólk til að hjálpa hvert öðru. Það upplifir að hlustað sé á sig sem veitir því kraft og vald til að breyta eigin aðstæðum. Fólk fær tækifæri til þess að læra nýja hluti og eignast nýjar fyrirmyndir. Fagaðilarnir læra að notandinn er sérfræðingur í eigin lífi og að þeir búa yfir mjög mismunandi reynslu. Þeir fræðast um líf notandans og hrekja þar af leiðandi gamlar mítur um það sem fagaðilinn taldi vera best í stöðunni. Það er mun árangursríkara að fá að heyra hvað notandinn hefur um málið að segja heldur en að geta í eyðurnar. Þar af leiðandi bætir það samband milli fagaðila og notanda og þjónustan verður betri (Evrópuráðið, 2004).

Þrátt fyrir kosti notendasamráðs þá eru fjölmargar hindranir en hér verður einungis fjallað um hluta þeirra. Fagaðilinn telur sig oft vita best hvað eigi að gera í ákveðinni stöðu og á erfitt með að gefa frá sér stjórnina og völdin. Í stað þess að fá notendur til að taka þátt leita þeir ráða hjá þeim. Notendum finnst heiðarlegri upplýsingagjöf vera ábótavant og að félagsráðgjafi þurfi að breyta eigin viðhorfi.

Þeir telja að þeir muni ekki hafa nein áhrif, eru vanmáttugir og trúá því að þeirra skoðanir eða kvartanir muni hafa neikvæð áhrif. Notendur upplifa valdamun á milli sín og fagaðilans, kerfið hefur einnig verið talið of flókið, notendasamráð sé kostnaðarsamt og tímafrekt (Warren, 2007).

### 1.3. Réttindi barna í sögulegu ljósi

Börn hafa í gegnum tíðina ekki haft mikil réttindi en fyrsta skrefið að auknum alþjóðlegum réttindum og viðurkenningu þeirra fékkst árið 1924 með Genfaryfirlýsingu Þjóðarbandalagsins. Hún er byggð á stefnuyfirlýsingu alþjóðasamtaka Barnaheilla (*e. Save the children*) og kveður á um reglur sem skipta máli í tengslum við vernd og umönnun barna. Sameinuðu þjóðirnar samþykktu sérstaka yfirlýsingu um réttindi barna árið 1959 sem var byggð á Genfaryfirlýsingu Þjóðarbandalagsins. Samningar þessir voru ekki formlega bindandi að þjóðarrétti og því töldu flest ríki nauðsynlegt að útbúa sérstakan þjóðréttarsamning til að tryggja börnum ákveðin réttindi. Á ári barnsins 1979 var hafist handa við þjóðréttarsamning um réttindi barna en hann var tilbúinn til undirritunar í nóvember 1989. Samningur þessi, sem við köllum í dag Samning sameinuðu þjóðanna um réttindi barns eða barnasáttmálinn, var mjög mikilvægur þáttur í því að börn yrðu viðurkennd og fengju réttindi (Barnasáttmálinn, e.d.).

Barnasáttmálinn tryggði börnum margvísleg réttindi en grundvallarsjónarmið hans tengjast vernd og velferð barna ásamt því að rík áhersla er lögð á að virkja börn sem þátttakendur í samfélaginu. Það má því segja að börnum hafi verið tryggður meiri þátttökuréttur á alþjóðlegum vettvangi en áður hafði viðgengist og er þetta því að einhverju leyti upphaf frekara notendasamráðs meðal barna. Nauðsynlegt er að átta sig á því að þótt sáttmálinn kveði á um ákveðin réttindi barna er óvíst hvort farið sé eftir ákvæðum hans. Einnig verður að taka inn í myndina að þótt ríki hafi fullgilt sáttmálann þá eru lög landsins æðri honum. Þar af leiðandi verður ekki sagt til um hvort börn hafi í raun og veru fengið meiri þátttökurétt með tilurð sáttmálans (Þórhildur Línadal, 2011). Ekki er langt síðan farið var að líta á börn og ungmenni sem virka þátttakendur í starfi með félagsráðgjöfum en breytingin varð í kjölfar stefnumótunar og rannsókna á sviðinu.

Í stað þess að vernda börn frá því að taka þátt og taka ákvarðanir var farið að sjá þau sem einstaklinga með vald og getu til að hafa áhrif. Þróunin hefur þó verið stöðug undanfarin 30 ár en mest á síðast liðnum áratug (Warren, 2007).

#### 1.4. *Barnasáttmálinn*

Barnasáttmálinn er 54 efnisgreinar en 41 grein fjallar um réttindi barna og 13 greinar um það hvernig framfylgja skuli samningnum en hann hefur verið staðfestur af 192 aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna (Umboðsmaður barna, e.d.). Mikil áhersla hefur verið lögð á 12. grein en hún er sögð vera grundvallarregla framkvæmdar og túlkunar barnasáttmálans hjá barnaréttarnefnd (Þórhildur Línadal og Flóki Guðmundsson, 2007). Þar er formlega sagt að barn sé „sjálfstæður einstaklingur með fullgild mannréttindi og skoðanir sem ber að virða og taka tillit til við töku ákvarðana í öllum málum sem varða börn á einn eða annan hátt.“ (Þórhildur Línadal og Flóki Guðmundsson, 2007, bls. 26). Sérstaklega er kveðið á um að barnið skuli hafa rétt á að tjá sig í málsmeðferð ef hún varðar það. Á þessi réttur einnig við um fjölbreyttar yfirheyrslur og skýrslutökur sem og formlega ákvaðanatöku tengda barninu svo sem menntun, umhverfismál, heilbrigði eða annað. Það er ekki sagt að börn eigi sjálf að taka ákvarðanir heldur fá þau aðild að ákvaðanatöku og samráði áður en ákvörðun er tekin í þeirra málum. Ákvörðun skal tekin í samræmi við þroska barns og aldur en mikilvægt er að athuga að þroski barna og geta til að taka ákvarðanir breytist stöðugt með aldrinum (Þórhildur Línadal og Flóki Guðmundsson, 2007).

Ekki er einungis fjallað um almenna þátttöku barna í 12. gr. barnasáttmálans. Samráð skal haft við barn ef taka á það af heimili sínu samkvæmt 2. mgr. 9. gr. barnasáttmálans. Ef um ættleiðingu er að ræða þá þarf að fá samþykki allra sem tengjast ættleiðingunni samkvæmt 21. gr. Ef barn hefur verið svipt frjálsræði samkvæmt 37. gr. á það ekki aðeins að geta látið sínar skoðanir í ljós heldur einnig leitað réttar síns í dómsal eða hjá stjórnvaldi. Sama á við ef börn eru grunuð um að hafa brotið refsilög, ákærð og sakfelld þá eiga þau rétt á að taka virkan þátt í meðferð málsins samkvæmt 40. gr. Það eru því gerðar kröfur um að barn fái ekki eingöngu að láta skoðanir sínar í ljós heldur skal einnig vera tekið tillit til skoðana

þess (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns nr. 18/1992; Þórhildur Líndal og Flóki Guðmundsson, 2007).

Íslendingar undirrituðu barnasáttmálann árið 1990 og var hann fullgiltur í nóvember 1992. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hafði fengið fullgildingarskjal í október en þá hafði Alþingi veitt ríkisstjórninni leyfi sitt til að fullgilda hann. Einnig hafa valfrjálsar bókanir við sáttmálann verið fullgildar (Þórhildur Líndal og Flóki Guðmundsson, 2007). Norðmenn skrifuðu undir samninginn einungis rúmum tveimur mánuðum eftir að hann kom út og var hann fullgiltur tæpu ári síðar eða í janúar 1991. Líkt og Íslendingar hafa Norðmenn einnig fullgilt valfrjálsar bókanir (International humanitarian law, e.d.). Í október 2003 bættu Norðmenn um betur og innleiddu samninginn í þeirra löggjöf en fyrir þann tíma hafði norskum lögum hafði verið breytt til þess að þau væru í samræmi við sáttmálann (Sandbæk og Einarsson, 2008).

## 2. Börn og notendasamráð

Í þessum kafla verður fjallað um rannsóknir sem gerðar hafa verið um notendasamráð og greint frá hluta af því sem vitað er um aðferðina. Einnig verður fjallað um kenningar um þátttöku barna, hvenær þau eru talin geta myndað sínar eigin skoðanir, hvernig sé best að ræða við börn og hvert hlutverk félagsráðgjafans sé.

### 2.1. Rannsóknir á notendasamráði með börnum

Fjöldamargar rannsóknir hafa verið gerðar á síðast liðnum tveimur áratugum á rétti barna til að láta skoðanir sínar í ljós og að fullorðnir hlusti á þau (Graham og Fitzgerald, 2010-b). Í ljós hefur komið vaxandi áhugi og stuðningur við notendasamráð með börnum og er fólk orðið mun betur upplýst um ávinning þess fyrir foreldrana sem og börnin. Nýsjálenskar, breskar og ástralskar rannsóknir hafa leitt í ljós að hlutfallslega lítið samráð hefur verið við börn í þessum löndum. Sömu rannsóknir hafa einnig vakið athygli á því að börn eru lítt undirbúin til þátttöku og ekki nógu vel upplýst (Graham og Fitzgerald, 2010-a).

Börn eru talin geta veitt mikilvægar upplýsingar með skoðunum sínum og reynslu sem leiða til þess að niðurstöður verða jákvæðari og framkvæmanlegar (Cashmore og Parkinson, 2009). Í eigindlegri viðtalsrannsókn sem gerð var í Ástralíu kom í ljós að börnum, foreldrum og starfsmönnum finnst hlutdeild barna mikilvæg. Börnunum finnst mikilvægt að á þau sé hlustað, tekið sé mark á þeim og þau séu hluti af heildinni (Graham og Fitzgerald, 2010-a). Önnur svipuð viðtalsrannsókn í Ástralíu sýndi fram á svipaðar niðurstöður (Cashmore og Parkinson, 2009).

Sven Arild Vis rannsakaði 24 börn á aldrinum sjö til tólf ára árið 2007. Hans markmið var að komast að því hvað börnin sjálf teldu vera mikilvægast þegar þau áttu að tjá eigin skoðanir og taka ákvörðun. Í ljós kom að þau vildu fá að vita hvað væri í gangi í eigin málum, geta tjáð skoðanir sínar og að hlustað sé á þær. Þau vildu ekki taka ákvörðunina sjálf heldur treystu þau á að foreldrarnir tækju rétta ákvörðun (Vis, 2007). Fleiri rannsóknir hafa einnig sýnt fram á svipaðar niðurstöður (Omre og Schjelderup, 2009). Þótt þau vildu að tekið yrði mark á þeirra skoðunum



þyrfti sú skoðun ekki endilega að vera lokaákvörðun í málinu. Foreldrarnir voru sammála þessu, þeir vildu að börnin hefðu tækifæri til þátttöku en hún þyrfti að vera í samræmi við þroska, aldur, vilja og þrá barns til að taka þátt. Börnum finnst samt ekki alltaf auðvelt að segja skoðanir sínar því þau eru hrædd um að særa einhvern eða segja eitthvað sem þau hefðu átt að láta ósagt (Graham og Fitzgerald, 2010-a; Cashmore og Parkinson, 2009).

Talið er að börn græði mikið á því að fá að taka þátt, hún auki sjálfsálit, þau læra að taka ákvarðanir, finni að tekið sé mark á þeim og að þau hafi meiri stjórn á aðstæðum sínum. Niðurstaða málsins er einnig líklegri til að vera ákjósanleg að mati barnanna ef þau hafa fengið eitthvað um málið að segja. Þó hefur verið sett spurningamerki við þátttöku barna í skilnaðarmálum foreldra sinna en þau eru talin geta verið skaðleg fyrir börnin ólíkt þátttöku þeirra í málefnum tengdum skólanum eða samfélaginu. Í ástralskri eigindlegri rannsókn kom í ljós að stór hluti barnanna fannst þau oft vera sett í erfiða stöðu sérstaklega þegar þau áttu að velja hjá hvoru foreldrinu þau vildu búa og taka þannig afleiðingum valsins. Í sömu rannsókn kom í ljós að þrátt fyrir að foreldrar litu jákvæðum augum á þátttöku barna þá höfðu þau áhyggjur af því að börnin væru sett í erfiða stöðu og töldu hina fullorðnu geta haft áhrif á skoðanir barnanna. Það verður samt að taka það fram að til eru margar leiðir til þess að vera í samráði við börn án þess að það hafi slæm áhrif á þau (Cashmore og Parkinson, 2009).

Rannsóknir hafa leitt það í ljós að barnaverndarstarfsmenn ræða í tiltölulega litlu mæli við börn og eru ástæður þess meðal annars þær að þeir hafa áhyggjur af því að mistakast og eru óöruggir (Steinunn Bergmann, 2010). „Ef enginn þorir að takast á við hin erfiðu eða óþægilegu samtöl, verða það börnin sem tapa á því“ (Steinunn Bergmann, 2010, bls. 6). Íslenskar rannsóknir hafa sýnt fram á misjafnar niðurstöður hvað þátttöku barna varðar. Elizabeth Fern (2008) framkvæmdi rannsókn þar sem tíu íslensk börn voru þátttakendur. Rannsókn þessi leiddi í ljós að virkni barna og ungmenna eykst ef lögð er áhersla á sjónarhorn barna af starfsmönnum barnaverndar. Niðurstöður verða jákvæðari ef barn ásamt aðilum máls tekur þátt í ákvörðunum og reynir að leysa vandamálið en vilji þátttakenda var að fá að vera með. Aðrar rannsóknir hafa leitt það í ljós að þátttaka barna sé

takmörkuð enda eru þau í minna mæli virkjuð (Anni G. Haugen, 2009; Guðrún Kristinsdóttir, 2004; Hervör Alma Árnadóttir, 2006).

## 2.2. Þátttaka barna

Börn eru fjölbreyttur hópur en talið er að það séu ákveðnir hópar barna sem fá ekki að taka þátt. Það eru til að mynda fátæk börn, unglingsforeldrar, heimilislausir, samkynhneigðir eða börn af landsbyggðinni. Það er hlutverk félagsráðgjafans að virkja börnin til þátttöku. Þau eru öll fær um að taka þátt og því er mikilvægt að viðurkenna þátttöku þeirra en hún þarf að miðast við aldur þeirra, þroska, áhuga og reynslu (Warren, 2007). Misjafnt er hversu mikil áhersla er lögð á þátttöku barna og hefur verið gerður greinarmunur á þátttöku og ráðaleitun. Með þátttöku er átt við að aðild barnsins í ákvörðunartöku sé bein en með ráðaleitan er átt við að leitast sé eftir að heyra þeirra skoðanir og leita ráða hjá þeim (Jóhanna Einarsdóttir, 2008-b).

Roger Hart setti fram kenningu um þátttöku barna en hann byggði hana á þátttökustigakenningu Arnsteins sem átti að skilgreina ákvarðanatöku í lýðræðisríki. Hart setti einnig fram þátttökustiga en hann var sniðinn að börnum og skipti Hart honum niður í átta þrep (Omre og Schjelderup, 2009). Þessi stigi hefur haft mikil áhrif, ekki síst fyrir rannsakendur og sérfræðinga, svo hægt sé að koma í veg fyrir stjórnsemi þeirra (Fern og Kristinsdóttir, 2011). Fyrsta og neðsta þrepið er stjórnun (*e. manipulation*) ungra barna en stefnumörkunin er mótuð út frá hugmyndum fullorðinna. Á næsta stigi eru börnin nokkur konar skraut (*e. decoration*) en þar eru þau notuð á óbeinan hátt við stefnumörkun. Þá tekur tákni (*e. tokenism*) við en þar fá börnin að láta í sér heyrast þótt lítið sem ekkert mark sé tekið á því. Fjórða þrepið kallast úthlutun en upplýst þátttaka (*e. assigned but informed*) þar sem börnin eru eins konar ráðgjafar með ákveðið hlutverk og eru upplýst um það. Þá tekur ráðgefandi og upplýsta þrepið (*e. consulted and informed*) við en þar þróa eða hanna börn verkefni í samráði við þá fullorðnu. Hér eru börnin einnig ráðgjafar og fá upplýsingar um hvaða máli þátttaka þeirra skiptir. Sjötta þrepið kallast frumkvæði fullorðinna en sameiginleg ákvarðanatöku (*e. adult-initiated, shared decisions with young people*) en hér eru börnin orðnir meiri þátttakendur en áður.

Á þessu stigi taka börn þátt í ákvörðunum í verkefnum hinna fullorðnu. Þá tekur sjöunda trappan við sem kallast frumkvæði og stjórn barna (*e. young people – initiated and directed*) þar sem þau hafa frumkvæðið, taka ákvarðanir og sjá um stjórn. Í síðustu tröppunni deila börnin og hinir fullorðnu ákvörðunum en það þrep kallast frumkvæði barna og sameiginleg ákvarðanatoka (*e. young people – initiated, shared decisions with adults*) (Omre og Schjelderup, 2009).

### 2.3. Börn og gagnrýnin hugsun

Fjölmargir hafa velt því fyrir sér og rökrætt hvenær barn sé orðið nógu gamalt til þess að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum (Omre og Schjelderup, 2009). Við hugsum öll á misjafnan hátt um mismunandi hluti enda umbreytir og hagræðir hugsun upplýsingum í minni. Hún gerir okkur fært að hugsa rökrétt, leysa úr vandamálum, íhuga, velta hugmyndum fyrir okkur og taka ákvörðun. John Dewey og Max Wertheimer veltu gagnrýninni hugsun fyrir sér en sá fyrrnefndi taldi mikilvægt að nemendur væru íhugulir á meðan sá síðarnefndi taldi mikilvægt að vera með frjóa hugsun. Frjó hugsun og að vera íhugull eru einmitt mikilvægir hlutar gagnrýninnar hugsunar (Santrock, 2006).

Piaget taldi að einstaklingur færi í gegnum fjögur stig í þroskun hugsunar og er hvert og eitt aldurstengt. Þau skiptast niður í skynhreyfistig (0-2 ára), foraðgerðarstig (2-7 ára), hlutbundnar aðgerðir (7-11 ára) og formlegar aðgerðir (11-15 ára). Á skynhreyfistiginu á samhæfing skynjunar og hreyfinga sér stað en Piaget taldi að mannleg greind, rökhugsun sér í lagi, ætti rætur að rekja til þessara þátta. Á foraðgerðarstiginu kemur fram raunveruleg hugsun en þá notar barn tákni yfir hluti. Eitt aðaleinkenni hugsunar er sjálflægni en með því er átt við að barn geti einungis séð hluti frá sínu sjónarhorni og finnur því enga þörf fyrir að beita rökhugsun. Samkvæmt Piaget er það ekki fyrr en á stigi hlutbundinna aðgerða sem barn fer að geta beitt rökhugsun um hlutræna eða ákveðna atburði en það getur einungis gert það á mjög einfaldan máta. Þau fara að hafa skoðanir á hlutunum og koma með eigin skýringar. Hér eru þau farin að geta rakið atburðarás fram og til baka í huganum. Á næsta stigi, stigi formlegra aðgerða sem er lokastig hugsunar, fara einstaklingar að hugsa óhlutbundnara og á rökréttan hátt. Þau fara að hugsa

um það hvaða aðstæður þau telja vera ákjósanlegar til að mynda hvernig foreldri þess ætti að vera. Hér kemur fram vísindaleg hugsun og gagnvirk íhugun (Santrock, 2006).

Þessi kenning hefur sætt mikilli gagnrýni meðal annars fyrir að hafa stigin aldurstengd. Börn eru einstök og þar af leiðandi getur einstaklings- og þroskamunur verið töluverður hjá þeim. Þessari gagnrýni hefur verið svarað svo að aldursmörkin séu einungis til viðmiðunar (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007; Santrock, 2006). Ef eitthvað er að marka þessa kenningu þá virðist það vera í kringum sjö ára aldurinn sem börn eru farin að geta hugsað rökrétt og tjáð eigin skoðanir. Nauðsynlegt er þó að taka þessum aldursmörkum með fyrirvara enda eru börn jafn misjöfn og þau eru mörg. Sum börn geta vafalaust farið að tjá sig fyrr á lífsleiðinni á meðan önnur gera það seint. Skólar erlendis hafa verið gagnrýndir fyrir að hvetja nemendur ekki til að tileinka sér gagnrýna hugsun heldur leita að rétta svarinu. Til þess að ýta undir gagnrýna hugsun geta kennarar gefið nemendum umdeilt efni til þess að fjalla um (Santrock, 2006).

#### 2.4. *Talað við barn*

Nýlega gaf Barnaverndarstofa út bækling sem heitir Talaðu við mig, leiðbeiningar um samtöl barnaverndarstarfsmanna við börn. Þetta er þýtt efni frá Barna- og jafnréttisráðuneyti Norðmanna og byggir á kenningum Haldor Øvreeide. Markmiðið með bæklingnum er að auka gæði barnaverndarstarfs í þágu barna meðal annars með því að ýta undir áhuga fólks á að ræða við börn og kynna hvernig samtalstækni sé áhrifarík. Einnig á bæklingurinn að sýna fram á jákvæð áhrif samtalsins, að barn eigi rétt á sínum hugsunum og það sé á valdi hins fullorðna að fá barnið til að tjá sig (Steinunn Bergmann, 2010).

Með samtali er hægt að skilja upplifanir einstaklinga en þannig getur sá sem talað er við haft áhrif á ákvarðanatöku. Það getur verið mikill léttir fyrir barn að geta sagt frá sinni hlið málsins, það finnur að það er mikilvægt, sjálfstraust eykst og barnið hefur jafnvel meiri stjórn á aðstæðum. Fullorðni einstaklingurinn þarf að gera sitt besta til að skilja hvað barnið er að segja með því að reyna að setja sig í spor þess. Það getur reynst erfitt að veita börnum þátttökurétt enda er margt sem

huga þarf að og því er nauðsynlegt fara rétta leið í þeim málum. Það þarf að trúa því að sjónarhorn barna skipti jafnmiklu máli og sjónarhorn hinna fullorðnu. Félagsráðgjafi þarf ekki að hafa annars konar hæfni í vinnu með börnum heldur en með fullorðnum, hann þarf einungis að beita þeim öðruvísi. Það er engin ein leið rétt og því mikilvægt að prófa nýjar leiðir, taka áhættur og vera sveigjanlegur (Warren, 2007).

Börn tjá sig öðruvísi en hinir fullorðnu, sum segja frá því hvernig þeim líður, önnur með hegðun sinni, myndum, tónlist eða í leik. Það dugar ekki að heyra það sem þau segja, þau þurfa að finna að það sé hlustað á þau og nægum tíma varið í það (Warren, 2007). Með því er átt við að mikilvægt sé að átta sig á tilfinningum barns, líkamstjáningu og hreyfingu, ekki einungis því sem barn segir með orðum. Það þarf að gefa barni tíma til að tjá sig en einnig getur reynst nauðsynlegt að hjálpa því ef það strandar (Steinunn Bergmann, 2010). Auk þess skiptir máli að tala mál sem barnið skilur og beita röddinni rétt, með blíðum, áhugsömum og tillitsömum tóni (Warren, 2007).

Hinn fullorðni þarf að tjá sig svo barn hafi áhuga á að hlusta. Það getur reynst barni erfitt að tjá sig og þarf fullorðni einstaklingurinn að nota eigin leiðir og ígrundanir til að fá barn til að kinka kolla eða hrista höfuðið. Ef barnið er mjög upptekið af einhverju er mikilvægt að fylgja því eftir og bæta við samtalið nýjum atriðum sem kemur að góðum notum fyrir barnið. Það þarf að vera taktur í samtali og þeir fullorðnu þurfa að leiða það svo barnið finni fyrir öryggi. Barnið skal þó fá tækifæri til að ræða það sem því liggur á hjarta þegar það vill. Það fer eftir aldri barns hvernig það er spurt út úr svo það er mikilvægt að vera búin að kynna sér hvaða spurningar henta hverjum aldri. Það sem skiptir höfðumáli er undirbúningurinn enda mun líklegra að samtal gangi vel ef hann er góður því þá er öryggið meira (Steinunn Bergmann, 2010). Það getur reynst þrautin þyngri að ræða við börn en mikilvægt er að hlusta á gagnrýni þeirra og fara eftir henni. Það skiptir máli að þátttaka barna sé gerð aðlaðandi, upplífandi og skemmtileg. Margar leiðir er hægt að fara og þarf félagsráðgjafinn sem og aðrir að nýta sér hugmyndaflugið í þeim málum (Warren, 2007).

## 2.5. Hlutverk félagsráðgjafans

Heildarfjöldi barnaverndarstarfsmanna hérlendis árið 2008 var 114 í 77,15 stöðugildum (Barnaverndarstofa, 2010). Stærsti hluti hans eru félagsráðgjafar samkvæmt fyrri rannsóknum (Anni G. Haugen, 2008). Samkvæmt breskri viðhorfskönnun þarf félagsráðgjafi að hafa ýmsa hæfileika. Fullorðnum notendum finnst meðal annars mikilvægt að félagsráðgjafar skilji þá og líf þeirra án þess að dæma. Hann þarf að vera til staðar, veita stuðning, hvetja, vera þolinmóður, gagnrýninn, áreiðanlegur, traustur og svona mætti lengi telja. Sams konar könnun var gerð meðal barna og þau gera einnig miklar kröfur til félagsráðgjafans. Að þeirra mati þarf hann að vera félagslyndur, jarðbundinn, skilningsríkur, hann þarf að vera til staðar, halda loforð og auðveldur að tala við. Einnig er mikilvægt að hann hlusti, hafi léttu lund, sé heilsteyptur og geti róað fólk, komi hlutunum í verk, sé skipulagður og vilji hjálpa. Síðast en ekki síst eiga þeir að fá börn til að tjá sig. Það eru heilmiklar kröfur sem lagðar eru á félagsráðgjafann bæði af fullorðnum einstaklingum og börnum. Athyglisvert er að börnin tóku sérstaklega fram að þau vildu taka þátt og að þeirra mati var það hlutverk félagsráðgjafans að koma þeirra sjónarmiðum á framfæri. Slíkt getur hann gert með því að nýta sér eina af helstu vinnuaðferðum og kenningu félagsráðgjafar, valdeflingu (Warren, 2007).

Notendasamráð skiptir félagsráðgjafa töluverðu máli. Sú þekking sem félagsráðgjafinn hefur yfir að ráða kemur meðal annars frá notendum, ekki einungis honum sjálfum. Þar af leiðandi þurfa félagsráðgjafar að átta sig á mikilvægi þess að fá upplýsingar og þekkingu frá notendum og nota hana ásamt eigin menntun og fagþekkingu (Basic, 2009; Warren, 2007). Valdefling er sennilega sú aðferð sem félagsráðgjafinn gæti helst tileinkað sér til að fá notanda, þar á meðal barn, til þátttöku. Þó nokkuð hefur verið rökrætt um hugtakið og fer skilgreining þess eftir hugmyndum og sjónarmiðum hvers og eins. Einstaklingar hafa fengið mismunandi valdeflingu og skilgreina þeir hana út frá eigin reynslu og upplifun (Warren, 2007). Talað er um valdeflingu þegar einstaklingur öðlast vald frá þeim sem hafði það. Þetta getur til að mynda átt við þegar félagsráðgjafi færir notanda sínum völd, til að mynda barni eða þegar samfélagið fær að taka við völdum af ríki eins og í þjóðaratkvæðagreiðslu. Nauðsynlegt er að greina á milli

Þess hver sé hinn valdlaus og hver hafi völdin en slíkt er ekki alltaf augljóst. Í barnavernd er félagsráðgjafinn yfirleitt talinn hafa völdin en fjölskyldan er valdlaus. Fjölskyldusamráð er talið geta umbreytt barnaverndarstarfi því þá hefur fjölskyldan mest megnis völdin og ákveður hvað gera skal en félagsráðgjafinn er að miklu leyti valdlaus (McKenzie og Walker, 2007).

Samkvæmt siðareglum ber félagsráðgjafa að upplýsa notanda sinn um réttindi, skyldur, úrræði og hjálparmöguleika. Það er mikilvægt að tjá barni það að félagsráðgjafi sé til staðar til þess að aðstoða þennan einstakling og byggja þar með upp traust þeirra á milli (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.). Traust er mjög mikilvægt enda er fremur ólíklegt að barn muni segja frá sinni hlið á málinu ef það treystir ekki félagsráðgjafanum sem vinnur með mál þess. Ein af helstu aðferðum félagsráðgjafans er heildarsýn en þá skoðar hann vandmál notandans út frá mörgum hliðum, ekki bara einni en einnig hjálpar hann einstaklinginum að hjálpa sér sjálfur (Kristinn Ingvarsson og Sigrún Júlíusdóttir, 1996).

Mikilvægt er að félagsráðgjafar átti sig á eigin hugmyndum og skoðunum um þátttöku notenda, hvort sem þær eru jákvæðar eða neikvæðar. Tilgangur þess er að komast að eigin hugmyndum svo þær hafi ekki áhrif á starfið með notendum og hugsanlegri þátttöku þeirra. Þannig er hægt að virkja þá og veita þeim einstaklingsbundna þjónustu án þess að eigin skoðanir hafi áhrif á starfið (Warren, 2007). Félagsráðgjafi sem vinnur við barnavernd á að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í starfi hans og því þarf hann að fara eftir skilyrðum barnaverndarstarfs. Því er það í raun og veru skylda félagsráðgjafans að fá barn til þátttöku, nema hann ætli að brjóta í bága við siðareglur félagsráðgjafa (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.). Hann verður að finna leið til þess að fá börnin til að efla aðstæður sínar, „efla sjálf og sjálfsmynd, sjálfstraust, sjálfsvirðingu og ábyrgð. Virðing og valdefling eiga ekki einungis við þegar allir eru sammála heldur eru sérstaklega mikilvæg hugtök þegar reynir á rétt einhvers til að vera ósammála og til að láta fjalla um og reyna á sín sjónarmið.“ (Þingskjal 57, 2010-2011).

### 3. Hlutdeild íslenskra barna í barnavernd

Í þessum kafla verður greint frá því hvernig íslenska löggjöfin fjallar um þátttöku barna í barnavernd. Auk þess verður farið yfir hlutdeild barna í barnavernd hér á landi og gerð grein fyrir stöðu hennar. Hversu mikið samráð er haft við börnin og hver hefur þróunin verið?

#### 3.1. Íslensk lög um hlutdeild barna

Í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins er lítið fjallað um börn og réttindi þeirra. Önnur mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar segir að tryggja skuli börnum vernd og umönnun eftir því sem þörf er á. Ekki er meira fjallað um börn sérstaklega í stjórnarskránni (Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944). Samkvæmt íslensku barnaverndarlögum nr. 80/2002 er talað um barn sem einstakling yngri en 18 ára en sum ákvæði laganna gilda í undantekingartilfellum lengur með samþykki barns. Fram kemur í 73. gr. stjórnarskrárinnar að allir hafi rétt á sínum skoðunum og sannfæringu en þeir verða að ábyrgjast þær fyrir dómi (Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944).

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 er fjallað um réttindi barna tengdum vernd og umönnun. Þegar ákvörðun skal tekin í barnaverndarmáli ber yfirvöldum að taka tillit til sjónarmiða og óska barna í samræmi við þroska þeirra og aldur. Þeim ber einnig skylda til þess að vera í samvinnu við börnin og foreldrana samkvæmt 4. gr. Það eru aðallega börn 15 ára og eldri sem hafa rétt á að taka þátt í eigin barnaverndarmáli. Að vísu er kveðið á um í 46. gr. þessara laga að ávallt skuli gefa barni 12 ára og eldra kost á að tjá sig um mál er það varðar. Einnig má tala við barn sem ekki hefur náð 12 ára aldri samkvæmt 5. mgr. 43. gr. en það skal meta út frá þroska barns og í samráði við foreldra þess. Undantekning frá þeirri reglu er ef rannsóknarhagsmunir málsins mæla gegn því. Þá má ræða við barnið án þess að foreldri hafi vitneskju um það. Mikilvægt er að gera það sem barni er fyrir bestu samkvæmt 4. gr. og skulu hagsmunir þess vera í fyrirrúmi.

Athyglisvert er að skoða réttindi barna sem eru 15 ára og eldri. Talað er um í 46. gr. barnaverndarlaganna að barn sé aðili barnaverndarmáls ef það hefur náð 15 ára aldri. Ef barnaverndarnefnd þarf að beita sérstökum úrræðum í máli barns skal



það gert í samráði við það. Barnið þarf að veita barnaverndarnefnd samþykki sitt ef hún á að fara með forsjá eða umsjá þess. Barn 15 ára og eldra sem hefur verið ráðstafað í fóstur getur krafist þess að fá að umgangast foreldra sína samkvæmt samkomulagi við barnaverndarnefnd. Nefndin getur þó úrskurðað að barn skuli ekki umgangast foreldra sína ef það er því ekki fyrir bestu þótt barn vilji umgangast þá. Barnavernd verður að vera samþykk skoðunum barns. Ef barn 15 ára og eldra nær ekki samkomulagi við nefndina um hvaða úrræði skuli beita getur barnaverndarnefndin gert einhliða áætlun samkvæmt 4. mgr. 23 gr. Ef ekki næst samþykki við barnið getur nefndin beitt úrræðum án samþykkis með úrskurði (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

Á Alþingi liggur nú fyrir frumvarp um breytingu á lögum nr. 80/2002. Þar er meðal annars kveðið á um breytingu á 22. gr. en fella á niður 12 ára aldursmark. Aldursmörk eru talin geta dregið úr rétti yngri barna, það er að sérstaða þeirra sé ekki metin. Í staðinn verður farið eftir aldri og þroska hvers og eins barns en þó ekki með það markmið að draga úr rétti barnsins. Þetta á einnig við um réttindi barns við málsmeðferð. Hagsmunir barns eiga alltaf að ráða úrslitum og á því barn að fá að taka þátt í meðferð máls. Því á barn rétt á að fá upplýsingar um málið, segja frá sinni skoðun með einhverju móti og hafa áhrif á niðurstöðu með tilliti til þroska og aldurs þess. „Réttur um þátttöku barna eru órjúfanlegur liður í vaxandi virðingu fyrir barni sem hæfum og sjálfstæðum einstaklingi.“ (Þingskjal 57, 2010-2011).

### *3.2. Þátttaka barna á Íslandi*

Snemma á tíunda áratug síðustu aldar kom fram sú gagnrýni á starfsmenn barnaverndar að störf þeirra væru ekki nógu barnamiðuð, hvorki í framkvæmd né fræðum (Guðrún Kristinsdóttir, 1993). Á þessum tíma voru í gildi barnaverndarlög nr. 58/1992 en þar var kveðið á um að veita skyldi barni þann kost að segja frá sínu sjónarmiði. Ef barnið hefði náð 12 ára aldri þá bæri nefndinni skylda að ræða við það og jafnvel útvega því talsmann ef sérstaklega stæði á (Lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992). Það var mjög algengt að barnið hálfpartinn gleymdist á meðan barnaverndarstarfsmenn og foreldrar barnanna fengu alla athyglina.

Barnaverndarstarfsmenn ræddu sjaldan við börnin hvað þá að þeir hittu þau. Sjónum var frekar beint að einstökum fjölskyldumeðlimum en það hefur verið nefnt: „barnaverndargildran“. Mæður fengu yfirleitt mesta athygli, ekki börnin og litlar upplýsingar voru til um feðurna. Spurningar fjölluðu ekki nógu oft um börnin og var meira lagt upp úr skrifborðsvinnunni heldur en einstaklingsmóttökum (Guðrún Kristinsdóttir, 1993).

Athyglisverð er þróun þess hversu oft var talað við barn frá stofnun Barnaverndarstofu 1995 (Barnaverndarstofa, 2000). Til að byrja með var þátttaka barna við könnun mála mjög takmörkuð en árið 1996 var rætt við börn í 17,5% tilfella. Á næstu árum jókst þátttaka þeirra en samt sem áður mjög takmarkað en til ársins 2002 var hún í kringum 20% (Barnaverndarstofa, 2002; Barnaverndarstofa 2003). Stórt stökk átti sér stað milli 2002 og 2003 en það ár var rætt við börn í 42% tilvika (Barnaverndarstofa, 2006). Þessi jákvæða þróun hélt áfram en árið 2004 fengu börn í 62% tilvika að taka einhvern þátt í könnuninni (Barnaverndarstofa, 2006). Árið 2005 var hlutfallið komið í 73% en eftir það hefur þátttakan minnkað örlítið því árið 2008 var hún komin niður í 68% (Barnaverndarstofa, 2008, Barnaverndarstofa, 2010).

Sýn almennings á barnaverndina er einkum tvenns konar. Í fyrsta lagi tala einstaklingar um kerfi þar sem samvinna milli barnaverndarstarfsmanns, foreldra og barna er takmörkuð. Þau fá ekki að segja sínar skoðanir og hugmyndir og þar af leiðandi er ekki hægt að sinna þörfum fjölskyldunnar. Hins vegar er fjallað um kerfi þar sem hlustað er á hugmyndir foreldranna án þess að börn fái eitthvað um það að segja (Anni G. Haugen, 2007). Starfsfólk Barnaheilla framkvæmdi rannsókn um hvaða stuðningur sé í boði fyrir börn sem verða vitni að heimilisofbeldi og gefa niðurstöðurnar vísbendingu um stöðu mála í Reykjavík. Í ljós kom að barnaverndarstarfsmenn reyna lítið að tala við börn sem búa á heimili þar sem móðir þeirra er beitt ofbeldi. Einungis er rætt við börn eftir að ákveðið hefur verið að kanna mál þeirra í barnavernd en slíkt er gert í minnihluta tilvika. Að mati starfsmanna Barnaheilla er mjög mikilvægt að ræða við, hlusta á og útskýra fyrir börnunum hvað sé að gerast. Þau þurfa að hafa aðgang að fagfólki sem hefur reynslu og þekkingu af vinnu með börnum (Örnólfur Thorlacius, 2011).

Í norrænni samanburðarrannsókn sem starfsmenn Barnaverndarstofu létu framkvæma um hlut Íslands er meðal annars fjallað um hlutdeild barnsins og sýnileika þess. Í ljós kom að starfsmenn barnaverndarnefnda vildu ná fram sýnileika barnsins með mjög misjöfnum aðferðum. Þeir vildu sjá samskipti barnanna og foreldrana inn á heimilinu, framkvæma sálfræðiathuganir, verða sér út um skýrslur úr skóla/leikskóla barnsins eða útvega barni talsmann. Ekki voru margir starfsmenn sem vildu sjálfir tala við barnið en flestir vildu fá einhvern þriðja aðila til þess. Fjölmargir barnaverndarstarfsmenn telja sig einmitt skorta hæfni til þess að ræða við börn (Anni G. Haugen, 2004).

Niðurstaða ofangreindrar rannsóknar sýnir að fremur lítil áhersla var lögð á að tala við sjálf börnin þrátt fyrir ákvæði í lögum um að það skuli gert. Frekar var farið og rætt við aðra einstaklinga sem tengdust barninu og voru álitnir þekkja til aðstæðna þess. Í lögnum er einnig kveðið á um að útvega skuli barni talsmann ef starfsmaður metur það nauðsynlegt. Ef barn er sjálft ekki fært um að segja frá sinni hlið á málinu þá er það hlutverk talsmannsins sem á ekki að vera undir áhrifum sjónarmiða annarra sem tengjast málinu. Sýn starfsmannanna á það hvort og hvenær barn átti að fá úthlutað talsmanni var mjög misjafnt í niðurstöðunum. Á einum stað var sérstök stefna ríkjandi þar sem allir 12 ára og eldri fengu skipaðan talsmann en flestir töldu sig sjálfa vera þennan talsmann barna. Það kemur því mjög á óvart, fyrst þeir töldu sig vera þennan talsmann, hversu sjaldan þeir töluðu sjálfir við barnið. Eldri íslenskar rannsóknir hafa sýnt fram á sömu niðurstöður eins og könnun Halldóru Gunnarsdóttir, Rúnars Halldórsson og Stefaníu Sörheller á Félagsþjónustunni í Reykjavík árið 2000 sem og könnun Steinhildar Sigurðardóttur sem gerð var 2002 (Anni G. Haugen, 2004).

Til eru þó nokkrar leiðir til þess að ræða við börn og ein þeirra er svokallað fjölskyldusamráð sem á rætur að rekja til frumbyggja Nýja Sjálands, Maoría. Aðferðin miðast við að stór fjölskyldan fái tækifæri til þess að koma sjálf með tillögur að lausnum á sínum vanda og er sérstök áhersla lögð á sjónarmið barnsins sem málið snýr að. Farið er eftir ákveðnu ferli en fundinum er skipt í veittar upplýsingar, einkatíma fjölskyldunnar og að lokum áætlun og samþykki. Hér á landi hefur takmarkað verið unnið með fjölskyldusamráðaáferðina. Ákveðið var að innleiða áferðina árið 2003 hjá Barnavernd Reykjavíkur en ásamt því hófst

þátttaka í samnorrænni rannsókn um viðhorf barna til aðferðarinnar. Rannsóknin veitir mikilvægar upplýsingar þótt ekki sé hægt að fullyrða út frá henni vegna þess að þátttakendur voru einungis þrjú börn (Hervör Alma Árnadóttir, 2006).

Rannsóknin leiddi í ljós að þátttaka barnanna hafði ýmis jákvæð áhrif þrátt fyrir að aðferðin hafi ekki verið nægilega þróuð hér á landi. Til að mynda höfðu börnin litla hugmynd um hvað fjölskyldusamráð væri eða við hverju þau ættu að búast. Þau voru þó vel upplýst um af hverju málið væri hjá barnavernd. Börnin fengu lítið að taka þátt í undirbúningi fyrir fjölskyldusamráðsfundinn, eins við val á þeim fjölskyldumeðlimum sem áttu að vera viðstaddir fundinn eða við undirbúning á spurningalista. Fagaðilarnir virtust ekki líta á börnin sem virka þátttakendur í fyrsta hluta fundarins en þar tóku börnin engan þátt enda töluðu fagaðilarnir um þau, ekki við þau. Á samráðsfundinum var rætt við þau en það kom börnunum á óvart því það hafði ekki verið gert hingað til. Þau trúðu ekki að þeirra sjónarhorn hefði áhrif, þar af leiðandi töldu þau það skipta litlu máli að láta frá sér heyrast. Það væru hinir fullorðnu sem tæku ákvarðanirnar sem þau ættu svo að fara eftir. Miður var einnig að sjá að á eftirfylgdarfundinum voru börnin ekki fengin til þess að endurgera áætlunina. Misjafnt var hvernig börnin upplifðu aðferðina þegar rætt var við þau ári síðar. Tvö þeirra töldu aðferðina hafa haft jákvæð áhrif á líf sitt en eitt þeirra taldi það ekki hafa skipt neinu máli (Hervör Alma Árnadóttir, 2006).

Anni G. Haugen framkvæmdi rannsókn þar sem hún skoðaði þátttöku barna og foreldra þeirra við áætlanagerð í barnaverndarmálum sem varðaði 50 börn í þremur sveitarfélögum. Í ljós kom að 15 börn af 50 skrifuðu undir áætlun um meðferð máls ásamt foreldum. Það virðist vera misjafnt í þessum þremur sveitarfélögum hversu mikil áhersla er lögð á þátttöku barna. Í einu sveitarfélaginu skrifa börnin ávallt undir áætlunina á meðan þau gera það nær aldrei í öðru sveitarfélagi (Anni G. Haugen, 2009). Í framhaldi af þessari rannsókn tók hún viðtal við fimm barnaverndarstarfsmenn en markmiðið var að komast að því hvernig samvinna starfsmanna við börn og foreldra væri í áætlanagerð. Viðmælendur voru sammála um að foreldrar fengju að segja sína hlið og skoðun á málinu og yfirleitt skapaðist traust milli foreldranna og barnaverndarstarfsmannsins. Hvað börnin varðar þá er rætt við þau sem voru búin að ná 12-13 ára aldri og reynt að útskýra áætlunina á eins einfaldan hátt og mögulegt er. Börn yngri en 12 ára fá sjaldan að

taka þátt í áætlanagerð eða skrifa undir hana en stundum er rætt við þau um framvindu mála. Þau koma oft með tillögur að úrræðum en að mati viðmælendanna var þekking barnanna á þeim fremur lítil. Það er hlutverk barnaverndarstarfsmannsins að fræða þau frekar og þar með ýta undir frekari þátttöku barnanna (Anni G. Haugen, 2010).

Niðurstöður ofangreindrar rannsóknar benda til að unnið sé að því að fá sjónarhorn unglingsins en ekki barns. Barnaverndarstarfsmenn virðast fara eftir ákvæði barnaverndarlaga nr. 80/2002 þar sem kveðið er á um að ávallt skuli leita eftir sjónarhorni barns eldra en 12 ára. Hins vegar stendur einnig að ræða skuli við börn yngri en 12 ára ef þau hafa aldur og þroska til en því virðast þessir barnaverndarstarfsmenn horfa framhjá. Þar af leiðandi er líklegt að þekking starfsmannsins á barninu, óskum þess og þörfum sem og hvaða stuðningur er nauðsynlegur sé takmarkaður (Anni G. Haugen, 2010). Til þess að hægt sé að taka upplýsta ákvörðun er nauðsynlegt að hafa góða þekkingu á barnaverndarkerfinu. Hér á landi hafa engar rannsóknir verið gerðar til þess að athuga hvernig staðan er í þeim málum. Hins vegar má ætla að foreldrar og börn séu upplýst um barnaverndarkerfið á fundum (Anni G. Haugen 2009).

Til að ná árangri og stuðla að breytingum á aðbúnaði barna þarf að vera í samvinnu við börn og foreldra þeirra. Hún þarf að eiga sér stað í öllu ferlinu, allt frá könnun máls þar til skoða á hvort aðstoðin hefur komið að gagni og skilað árangri (Anni G. Haugen, 2007).

#### 4. Hlutdeild norskra barna í barnavernd

Í þessum kafla verður greint frá því hvað norska löggjöfin segir um hlutdeild barna í barnavernd. Auk þess verður fjallað um raunverulega þátttöku barna í barnaverndinni í Noregi.

##### 4.1. Norsk lög um börn og barnavernd

Samkvæmt norsku barnaverndarlögunum eru einstaklingar börn til 18 ára aldurs en í undantekningartilfellum gilda sum ákvæði laganna til 23 ára aldurs (Lov om barneverntjenester (barnevernloven) nr. 100/1992). Norska stjórnarskráin fjallar takmarkað um réttindi barna enda kveður hún meira á um réttindi allra í landinu. Það hafa allir rétt til að tjá eigin skoðanir og búa við ásættanleg lífsskilyrði (Grunnloven nr. 91/1814). Þó nokkur norsk lög fjalla um réttindi barna til lýðræðislegrar þátttöku. Dæmi um það eru norsku barnaverndarlögin, leikskólalögin, lög um menntun og sveitastjórnarlög. Sveitarstjórnarlögin kveða meðal annars á um að börn hafi rétt til þess að ræða við sveitarfélagið sitt um málefni er þau varða en einnig hafa þau möguleika á að hafa fulltrúa í nefnd sem fjallar um þeirra mál (Sandbæk og Einarsson, 2008).

Í norsku barnaverndarlögunum (Lov om barneverntjenester) og lögum um börn og foreldra (Lov om barn og foreldre) er fjallað um hver þátttaka barna skuli vera. Samkvæmt lögum um börn og foreldra skulu foreldrar hlusta á skoðanir barnsins þegar það er orðið fært um að mynda sér þær. Foreldri eða forsjáraðili skal ekki taka sjálfstæða ákvörðun um persónulega hagi barnsins nema að hafa haft samráð við barnið. Nauðsynlegt er að hlusta á hvaða skoðun barnið hefur og taka tillit til hennar miðað við þroska og aldur þess. Með hverju árinu sem líður skal foreldri hafa meira samráð við barnið eða alveg þar til það telst vera orðið fullorðinn einstaklingur. Nauðsynlegt er að hafa samráð við börn en það skal ávallt gert með hag barnsins fyrir brjósti (Lov om barn og foreldre nr.7/1981) .

Samkvæmt lögum um barnavernd og lögum um börn og foreldra skal haft samráð við barnið þegar ákvarðanir skulu teknar um hagi þess frá sjö ára aldri og jafnvel yngra ef það er fært um að mynda sér sínar eigin skoðanir (Lov om

barneverntienester nr. 100/1992; Lov om barn og foreldre nr. 7/1981). Þetta ákvæði breyttist árið 2003 en fyrir þann tíma var viðmiðið 12 ár. Þessi breyting var gerð í kjölfar þess að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna varð innleiddur í norsk lög (Omre og Schjelderup, 2009).

Þegar barn er orðið 12 ára skulu skoðanir þess hafa meira gildi samkvæmt lögum um börn og foreldra (Lov om barn og foreldre nr. 7/1981). Barnaverndarlögin kveða aftur á móti á um að skoðanir barna vegi þyngra með auknum þroska og aldri. Þegar barn hefur náð 15 ára aldri hlýtur það frekari réttindi en þá er það orðið hluti af barnaverndarmálinu ef það hefur nægjanlegan skilning á því sem er að gerast. Yngra barn getur fengið að taka þátt í málinu ef velferðarnefnd sýslunnar kveður á um það. Jafnvel þótt kveðið sé á um að samráð skuli haft við börn og hlustað sé á þau þá eru það foreldrarnir eða barnaverndarstarfsmenn sem taka lokaniðurstöðu í málinu. Barnaverndarnefndir hafa einnig í vissum tilfellum rétt til ákvörðunartöku án þess að fá samþykki frá börnunum fyrir þeirra ákvörðun en fyrir því þurfa að liggja gildar ástæður samkvæmt lögum (Lov om barneverntienester nr. 100/1992).

#### 4.2. *Þátttaka barna í Noregi*

Segja má að Norðmenn hafi að vissu leyti verið frumkvöðlar þegar kemur að börnum, hlutdeild þeirra (Barneombudet, e.d.) og réttindum (Fern, 2008). Þeir voru fyrsta þjóðin sem stofnaði embætti umboðsmanns barna árið 1981. Hugmyndina að embætti umboðsmanns barna átti Anders Bratholm en hann skrifaði bók um embættið árið 1969. Rökin fyrir að stofna embætti umboðsmanns barna voru þau að börn væru veikburða hópur sem ekki gat látið í sér heyra. Því væri nauðsynlegt að hafa umboðsmann fyrir börn sem léti raddir þeirra heyrast enda er hans verkefni að huga að hagsmunum barna. Mikilvægt er að hann sé frumkvöðull á þessu sviði, passi upp á að farið sé eftir lögum er varða börn og tryggi réttarvernd þeirra (Barneombudet, e.d.). Ríkisstjórn Norðmanna telur þátttöku barna og framlag þeirra í málum er þau varða mjög mikilvægt. Enda virðist mikið vera lagt upp úr þátttöku þeirra ef marka má skýrslu Barna- og jafnréttisráðuneytis (Barne-, Likestillings- og Inkluderingsdepartmentet, e.d.).

Mælst er til þess að sveitarfélög taki aukinn þátt í málefnum barna og fái þau til þess að taka þátt. Þrjú af hverjum fjórum sveitarfélögum í Noregi nýta sér leiðir til að koma börnum til áhrifa og þróa nýjar aðferðir til þess (Norwegian Ministry of Children and Equality, 2008).

Í Noregi voru í byrjun árs 2010 1.109.200 börn en það eru 23% af heildarfjölda Norðmanna (Statistisk sentralbyrå, 2010-b). Árið 2009 voru barnaverndarmál í Noregi 46500 talsins sem er 5,3% aukning frá árinu áður (Statistisk sentralbyrå, 2010-a). Ríkisstjórn Noregs vill í ár, 2011, bæta stöðu barna innan barnaverndar með því að veita styrki. Styrkir þessir eiga meðal annars að vera nýttir til þess að laga þjónustuna meira að þörfum barna og efla samvinnu sveitarfélaga við barnaverndina (Barne-, Likestillings- og Inkluderings-departmentet, e.d.).

Norskar rannsóknir hafa leitt það í ljós að þátttaka barna í barnaverndinni er fremur takmörkuð (Seim og Slettebø, 2007; Oterholm, 2003). Rannsókn ein leiddi í ljós að um 11% fagfólks og ráðgjafa reyndu að fá notendur til þátttöku á meðan 36% þeirra reyndu það í litlu mæli eða alls ekki (Gautun, 2009). Í rannsókn Egelund og Hestbæk kom í ljós að lítil samvinna og samráð eru höfð við börn í fóstri. Ekki er farið fram á viðtöl við börnin varðandi staðsetningu, né leitast eftir skoðunum þeirra eða hvaða aðstoðar þau þarfnast. Einnig er upplýsingaflæði til þeirra ábótavant. Rannsókn í Suður-Þrændalögum sýndi fram á að unglingar fengu að tjá skoðanir sína en ekki var hlustað á þær (Slettebø, Oterholm og Stavrum, 2010). Barnaverndarstarfsmenn vilja vernda börnin fyrir of mikilli þátttöku og eru þar af leiðandi hræddir við að auka hlutdeild barna. Fjölskyldurnar sjálfar, börnin þar með talin, segjast fá þá tilfinningu að þær séu í raun og veru ekki að taka þátt né hafa einhver áhrif. Hugsanlega er það vegna þess að þær eru hræddar um að þeirra þátttaka muni hafa slæmar afleiðingar í kjölfarið þótt það ætti ekki að vera raunin (Oterholm, 2003).

Í Noregi var sett á laggirnar verkefni á vegum Forandrigsfabrikken sem fékk 24 ungmenni á aldrinum 14-19 ára til þess að segja frá reynslu sinni af barnavernd og koma með ráðleggingar um hvernig hægt sé að bæta starfið. Þessir einstaklingar hafa fengið nafnið barnaverndarsérfræðingarnir (*n. Barnevernsprofferne*) vegna þess hversu gífurlega mikla reynslu þeir höfðu af barnavernd. Markmið verkefnisins var að fá innsýn barnanna á starf barnaverndar en unnið var



sérstaklega með 12 gr. barnaverndarsáttmálans sem fjallar um þátttöku barns. Tilgangurinn var að ná til barnaverndarstarfsmanna, ráðuneyta, stjórnámálanna, fjölmiðla og annarra þeirra er tengjast barnavernd á einhvern hátt. Flest þessara ungmenna höfðu sagt fullorðnum sögu sína fjöldamörgum sinnum og sáu því oft ekki tilganginn við að miðla af reynslu sinni. Því var talið mikilvægt að hafa aðferðafræðina áhugaverða. Barnaverndarsérfræðingunum var boðið á samkomur víðs vegar um landið þar sem opnar umræður áttu sér stað og gátu börnin sem tóku sjálfviljug þátt miðlað af reynslu sinni (Nordisk Ministerråd, 2009).

Niðurstöðum verkefnisins var skipt niður í þemu en hér verður einungis fjallað um þemað sem fjallar um þátttöku barns. Mat barnaverndarsérfræðinganna var að nauðsynlegt hefði verið að hafa meira samráð við börnin. Þau voru sjaldan spurð að því hvað væri best fyrir þau til að bæta lífsgæði þeirra, til að mynda hvaða stuðning þau teldu sig þurfa. Að þeirra mati var það alltaf hinn fullorðni sem tók ákvarðanir fyrir þau. Þau vilja láta í sér heyra og að tekið sé mark á því sem þau segja. Hins vegar finnst þeim það oft tilgangslaust því það geri ekkert gagn og því sé oft betra að segja ekkert. Starfsfólk og yfirvöld barnavernda ættu að hlusta mun meira á ungt fólk að mati barnaverndarsérfræðinganna. Þannig er hægt að bæta starfið í mun ríkara mæli og þá fara þessir einstaklingar að treysta hinum fullorðnu á ný (Nordisk Ministerråd, 2009).

Fjölskyldusamráð var kynnt á barnaverndarþingi í Þrándheimi í Noregi árið 1994 af Peter March og var í kjölfarið farið að prófa aðferðina víðs vegar í landinu (Falck, 2006). Norðmenn tóku þátt í samnorrænni rannsókn um fjölskyldusamráð og var úrtakið í rannsókninni 11 börn á aldrinum átta til fimmtán ára. Rætt var við börnin einu sinni fyrir og þrisvar sinnum eftir samráðsfundinn. Þegar rýnt er í niðurstöður kemur ýmislegt áhugavert í ljós hvað þátttöku barnanna varðar. Misjafnt var hversu mikið þau höfðu verið upplýst um fjölskyldusamráð en flest þeirra höfðu þó einhverja hugmynd um það. Hvað undirbúningur varðar þá tóku börnin einhvern þátt í því en þó var það misjafnt. Því eldri sem börnin voru, þeim mun meiri var þátttaka þeirra. Það er mjög mikilvægt að börn fái að taka þátt í undirbúningsferlinu svo þau átti sig á því að þátttaka skipti máli. Börnin höfðu mikla trú á fjölskyldusamráði og að hún myndi breyta ýmsu fyrir þau. Einnig voru flest þeirra fremur sátt við að fá að taka þátt í ferlinu og var það vilji þeirra. Hvað

fjölskyldufundinn varðar þá voru börnin frekar sátt við lausnina sem fundin hafði verið á vanda þeirra þótt þau hefðu ekki tekið mikinn þátt í að ákveða hver hún væri. Þegar rætt var við börnin seinna meir höfðu mörg þeirra misst trúna á fjölskyldusamráði því lausnin hafði ekki virkað sem skyldi (Omre og Schjelderup, 2009).

Fjölskyldusamráð er ekki of flókið fyrir börnin og þau átta sig vel á því hvað verið er að gera. Haft var samráð við öll börnin í úrtakinu þar sem þau sögðu sína skoðun á málinu og hafði sú skoðun að einhverju leyti áhrif á ákvörðun foreldranna. Þetta er trappa fimm í Stiga Roger Hart's um þátttöku barna. Hægt var að staðsetja þátttöku einhverra barna ofar í stiganum en þau höfðu fengið að taka meiri þátt í ferlinu. Ekkert barn hafði þó fengið að taka lokaákvörðun í samráði við hina fullorðnu enda hafa rannsóknir leitt í ljós að það er yfirleitt ekki vilji barnsins. Börnin voru almennt séð mjög ánægð með að hafa fengið að taka þátt í þessu ferli og töldu það hafa haft jákvæð áhrif á líf þeirra. Börnin voru mjög sátt við þær upplýsingar sem þau fengu en það sama á ekki við um skoðanir þeirra, þeim fannst ekki verið tekið nægilega mikið mark á þeim (Omre og Schjelderup, 2009).

Víðtæk megindeleg og eigindleg könnun var framkvæmd í Noregi árið 2010 Markmiðið með könnuninni var að átta sig á því hver hlutdeild notanda væri á stofnunum barnaverndar í Noregi. Þessi rannsókn leiddi í ljós að unglingar hafa möguleika á að taka þátt. Niðurstöðurnar eru ólíkar þeim sem fyrri rannsóknir hafa leitt í ljós. Staða yngri barna er þó takmörkuð. Í ljós kom að á meiri hluta stofnanna eru til verklagsreglur um þátttöku barna og ungmenna. Að vísu þekkti einungis um helmingur starfsmanna fósturheimila slíkar reglur en það er sá staður sem börn og ungmenni eiga möguleika á að tjá sig í gegnum samtöl við fagaðila. Hins vegar voru þau í fæstum tilvikum talin geta haft einhver áhrif á fundum eða í samningaviðræðum. Meiri hluti þeirra fagaðila og starfsmanna sem tóku þátt í þessari rannsókn töldu þátttöku barna felast í samstarfi eða því að hlusta á barnið (Slettebø, Oterholm og Stavrum, 2010). Ef lögð er áhersla á samvinnu við fjölskylduna eru meiri líkur á jákvæðri niðurstöðu. Það er árangursrík leið til að fá sem ítarlegastar upplýsingar um barnið og þannig fær það að taka þátt í eigin máli (Barnaverndarstofa, 2010).

## 5. Niðurstöður og umræður

Notendasamráð hefur verið að eflast töluvert á undanförunum árum, þátttaka barna þar með talin og á tilurð barnasáttmálans stóran þátt í því. Íslendingar og Norðmenn hafa fullgilt samninginn en síðarnefnda þjóðin hefur einnig innleitt hann í lög sín. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að að efla börn til þátttöku í barnaverndinni enda er þetta réttur þeirra samkvæmt barnasáttmálanum og landslögum. Fagaðilar eru farnir að nota kenningar sem miðast við að notandinn leiti sjálfur lausna á erfiðleikum sínum út frá frásögn af því. Börn vilja og eru fær um að tjá skoðanir sínar en þó fer það eftir aldri og þroska þeirra. Ef haft er samráð við börn eru meiri líkur á að þau fari eftir því sem gera skal og niðurstöður verði jákvæðari. Barn vill fá eitthvað um málið að segja þó að það sé ekki lokaniðurstaða í málinu.

Íslensku og norsku barnaverndarlögin fjalla um þátttöku barna í barnaverndarmálum. Greina mátti mun á þeim sem felst sérstaklega í því að þau eru með ólík aldursþrep og þau norsku kveða á um þátttöku yngri barna. Norska löggjöfin er með þrjú aldursþrep en samkvæmt lögunum skal haft samráð við börnin frá sjö ára aldri en þá taldi Piaget einmitt að börn gætu tileinkað sér rökhugsun. Þegar börn hafa náð 12 ára aldri vega skoðanir þyngra og frá 15 ára aldri eru þau orðin aðilar máls og hafa því meiri rétt til þess að taka þátt í vinnslu og ákvörðunum en áður. Íslenska löggjöfin er með tvískipt aldursþrep. Í fyrsta lagi kveður hún á um samráð við börn í barnaverndarmálum frá 12 ára aldri, jafnvel fyrr ef barn hefur þroska til. Frá 15 ára aldri eykst þátttaka barna en þá eru þau talin vera aðilar máls og hafa þar af leiðandi meira um eigið mál að segja. Ef nýtt frumvarp um barnaverndarlög nær fram að ganga héraendis gæti verið að 12 ára aldursákvæðið verði tekið úr lögunum. Þá er barnaverndarstarfsmönnum ætlað að fá börn til þátttöku ef þeir telja þau hafa þroska til þess. Að öðru leyti eru löggjafirnar fremur sambærilegar hvað þátttöku barna varðar (Lov om barn og foreldre nr. 7/1981; Lov om barneverntjenester nr. 100/1992; Barnaverndarlög nr. 80/2002; Þingskjal 57, 2010-2011).

Erfitt er að segja nákvæmlega til um það hversu mikið samráð er haft við börn í Noregi og á Íslandi, hversu mikill munur sé á þátttökunni eða hvernig þátttakan sé út frá kenningu Roger Hart. Þátttaka barna í barnaverndinni á Íslandi virðist vera

nokkuð svipuð og þátttaka norskra barna. Hér á landi sýndu skýrslur Barnaverndarstofu að þátttaka barna í barnaverndarmálum hafi aukist mjög, sérstaklega eftir 2002. Þrátt fyrir það sýndu rannsóknir fram á að lítil áhersla er lögð á það af hálfu barnaverndarstarfsmanna að ræða við sjálf börnin. Samráð er haft við börn eftir að þau hafa náð 12-13 ára aldri en yngri börn eru að takmörkuðu leyti virkjuð til þátttöku. Það virðist vera að starfsmenn veigri sér við því að tala við þau eða telji þau ekki orðin nógu þroskuð til að taka þátt. Gera má ráð fyrir því að áhersla á þátttöku sé misjöfn eftir sveitarfélögum, sums staðar er lögð meiri áherslu á þátttöku en annars staðar. Norðmenn hafa verið taldir frumkvöðlar þegar kemur að þátttöku og réttindum barna. Hugmyndin að stöðu umboðsmanns barna kemur frá Noregi og hafa þeir einnig innleitt barnasáttmálann í eigin lög. Þrátt fyrir það sýndu rannsóknir fram á að þátttaka barna sé takmörkuð og virðast börn ekki fá nægilegt tækifæri til þátttöku. Líkt og á Íslandi þá virðist síður vera reynt að ræða við börn sem eru yngri en 12 ára. Nýleg rannsókn í Noregi hefur sýndi þó fram á að unglingar fái að taka þátt og því er hugsanlegt að staðan sé að einhverju leyti að breytast.

Vilji er fyrir því að ræða við börn bæði á Íslandi og í Noregi. Ríkisstjórn Norðmanna leggur mikið upp úr þátttöku barna og hafa ýmsar leiðir verið farnar til þess að auka hana. Barnaverndarstarfsmenn hér á landi segjast hvetja til þátttöku barna en virðast samt ekki ræða við börnin sjálf heldur leita þau til þriðja aðila til þess að komast að skoðunum þeirra.

Ekki er ýkja langt síðan farið var að virkja börn og unglinga sem þátttakendur þegar fjallað var um mál sem þau varða. Rannsóknir og stefnumótun á þessu sviði hafa átt þátt í þessari breytingu en þróunin hefur verið stöðug síðastliðna þrjá áratugi. Það er hlutverk félagsráðgjafans að virkja börn til þátttöku og koma skoðunum þeirra á framfæri. Rannsóknir hafa sýnt fram á að börn gera miklar kröfur til félagsráðgjafans og því er mikilvægt að hann tileinki sér aðferðir til þess að vinna með börnum og efla þátttöku þeirra.

Það er skylda félagsráðgjafa að efla barn til þátttöku samkvæmt siðareglum félagsráðgjafa. Valdefling er ein þeirra aðferða sem hann getur tileinkað sér til þess að virkja börn til þátttöku. Hann þarf að gera barni grein fyrir því að hann sé til staðar fyrir það og efli traust þeirra á milli svo barn þori að segja frá sinni hlið á

málinu. Fjölskyldusamráðsaðferðin er talin árangursrík þegar virkja á börn til þátttöku innan til dæmis barnaverndar en aðferðin leggur sérstaka áherslu á sjónarhorn barns. Í ljós kom að starfsmenn barnaverndar veigra sér oft við að ræða við barn en þeir telja sig ekki hafa þá hæfni sem þarf til þess að ræða við það. Hins vegar þarf félagsráðgjafi og starfsmenn barnaverndar ekki annars konar hæfni þegar hann ætlar að ræða við barn, hann þarf einungis að beita henni öðruvísi og vera óhræddur við að fara nýjar leiðir. Mikilvægt er að fagaðilar trúir því að sjónarhorn barns skipti máli. Það þarf að gefa sér góðan tíma til þess að ræða við börn, þau þurfa að fá þá tilfinningu að á þau sé hlustað og tala mál sem þau skilja. Undirbúningur er talinn skipta höfðumáli þegar ræða á við barn.

Það þarf að efla þátttöku barna í báðum löndunum og hafa félagsráðgjafar þá þekkingu sem nauðsynleg er til þess að áframhaldandi árangur náist. Ef einungis er litið til neikvæðra þátta má gera ráð fyrir að erfitt verði að breyta stöðunni. Ef markmið félagsráðgjafans er hins vegar að breyta stöðunni og fá börnin til frekari þátttöku þá er það hægt.

## 6. Lokaorð

Ekki er hægt að fullyrða út frá ofangreindum upplýsingum hvernig staðan er á Íslandi og í Noregi. Ekki voru til nákvæmlega eins heimildir frá báðum löndunum og eiga rannsóknirnar ekki við um landið í heild sinni. Ritgerðin gefur þó hugmynd um hvernig staðan er í hvoru landi fyrir sig. Einnig sýnir hún fram á að nauðsynlegt sé að efla starfið og getur félagsráðgjafi gert það með aðferðum sínum.

Skýrslur Barnaverndarstofu hafa sýnt fram á neikvæða þróun í þátttöku barna undanfarin ár og má velta því fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að hafa áhyggjur af þessari þróun. Einnig er athyglisvert að íslenskir barnaverndarstarfsmenn tala oft ekki sjálfir við barnið heldur fá þriðja aðila til þess. Erfitt er að segja af hverju þetta stafar, hugsanlegt er að þeir telji sig skorta kunnáttu til að ræða við barn en mikilvægt er að rannsaka þetta nánar. Bæklingur Barnaverndarstofu, Talaðu við mig!, getur veitt barnaverndarstarfsmönnum frekari upplýsingar um hvernig skal ræða við barn. Einnig telur höfundur að mikilvægt sé að kenna hvernig þá viðtalstækni í félagsráðgjafarnáminu. Ef íslenskt frumvarp nær fram að ganga þá ber barnaverndarstarfsmönnum skylda til að ræða við öll börn sem hafa þroska til þess. Áhugavert verður að sjá hvort það verði til þess að þátttaka barna aukist eða dragi úr henni. Norska aldursákvæðið virðist ekki auka þátttöku barna á aldrinum 7-11 ára og því erfitt að segja hvað gerist ef aldursákvæðið verður tekið úr íslensku lögunum.

Fróðlegt væri að rannsaka hver þátttaka barna á Íslandi og Noregi sé út frá stiga Roger Hart og bera stöðuna saman. Er verið að ræða við börn til að fá upplýsingar frá þeim eða fá þau að taka þátt í ákvörðunum? Einnig væri áhugavert að skoða nánar þær aðferðir sem félagsráðgjafar beita til þess að fá börn til þátttöku. Einhverra hluta vegna virðist ekki vera rætt við börn sem eru yngri en 12 ára og telur höfundur mikilvægt að rannsaka ástæður þess frekar. Vilji er fyrir því að fá börn til þátttöku og því þarf að skoða hvað kemur í veg fyrir þátttöku þeirra.

## Heimildaskrá

Aldís Unnur Guðmundsdóttir. (2007). *Þroskasálfræði: lengi býr að fyrstu gerð*. Reykjavík: Mál og menning.

Anni G. Haugen. (2004). *Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar og ákvörðunarferlið: Hluti Íslands í norrænni samanburðarrannsókn*. Reykjavík: Gutenberg.

Anni G. Haugen. (2007). Samvinna í barnavernd. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII – félagsvísindadeild* (bls. 231-240). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Anni G. Haugen. (2008). Barnaverndarstarfsmenn, kröfur og menntun. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX - félags- og mannvísindadeild, félagsráðgjafardeild, sálfræðideild og stjórn málafræðideild* (bls. 356-367). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Anni G. Haugen. (2009). Samvinna við gerð áætlana um meðferð máls í barnaverndarstarfi. Í Halldór Sig. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X – félagsráðgjafardeild og stjórn málafræðideild* (bls. 21–30). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Anni G. Haugen. (2010). Samvinna í barnavernd: Sjónarhorn starfsmanns. Í Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XI – félagsráðgjafardeild*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 1. apríl 2011 af [http://skemman.is/stream/get/1946/6716/18353/1/1-8\\_Anni\\_Haugen\\_FELRADbok.pdf7](http://skemman.is/stream/get/1946/6716/18353/1/1-8_Anni_Haugen_FELRADbok.pdf7).

Barnasáttmálinn. (e.d.). *Barnasáttmálinn*. Sótt 4. febrúar 2011 af <http://www.barnasattmali.is/nam/barnasattmalinn.html>.

*Barnaverndarlög nr. 80/2002*.

Barnaverndarstofa. (2000). *Barnavernd á Íslandi*. Sótt 1. apríl 2011 af <http://bvs.is/files/file54.pdf>.

Barnaverndarstofa. (2002). *Ársskýrsla 2001*. Sótt 1. apríl 2011 af <http://bvs.is/files/file66.pdf>.

Barnaverndarstofa. (2003). *Ársskýrsla 2002*. Sótt 1. apríl 2011 af <http://bvs.is/files/file134.pdf>.

- Barnaverndarstofa. (2006). *Ársskýrsla 2004-2005*. Sótt 1. apríl 2011 af <http://www.bvs.is/files/file461.pdf>.
- Barnaverndarstofa. (2008). *Ársskýrsla 2006-2007*. Sótt 1. apríl 2011 af <http://www.bvs.is/files/file663.pdf>.
- Barnaverndarstofa. (2010). *Ársskýrsla 2008 og 2009*. Sótt 1. apríl 2011 af <http://www.bvs.is/files/file874.pdf>.
- Barne-, Likestillings- og Inkluderingsdepartmentet. (e.d.). *Satsing på barn og ungdom: Regjeringens mål og innstatsområder i statsbudjettet 2011*. Sótt 22. mars. 2011 af [http://www.regjeringen.no/pages/2354308/Satsing\\_paa\\_barn\\_og\\_ungdom\\_2011\\_web.pdf](http://www.regjeringen.no/pages/2354308/Satsing_paa_barn_og_ungdom_2011_web.pdf).
- Barneombudet. (e.d.). *Barneombudsordningen*. Sótt 21. mars 2011 af [http://www.barneombudet.no/om\\_barneombudet/barneombud/](http://www.barneombudet.no/om_barneombudet/barneombud/).
- Basic, S. C. (2009). Service user involvement in social work practice, education and research in the federation of Bosnia and Herzegovina. *Ljetopis socijalnog rada*, 16(2), 241-257.
- Cashmore, J. og Parkinson, P. (2009). Children's participation in family law disputes: The views of children, parents, lawyers and counsellors. *Family matters*, 82, 15-21.
- Connolly, DR. M. (2004). A perspective on the origins of family group conference. *American Humane FGDM Issue*, 1-3.
- Cotrell, D. og Boston, B. (2002). Practitioner review: the effectiveness of systemic family therapy for children and adolescents [rafræn útgáfa]. *Journal of child psychology and psychiatry*, 43(5), 573-586.
- Evrópuráðið. (2004). *Skýrsla um hlutdeild notenda í einstaklingsmiðaðri félagslegri þjónustu*. Reykjavík: félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og velferðarsvið Reykjavíkurborgar.
- Falck, S. (2006). *Hva er det med familieråd? Samlerapport fra prosjektet: «Nasjonal satsing for utprøving og evaluering av familieråd i Norge»*. Sótt 22. mars 2011 af [http://www.nova.no/asset/2624/1/2624\\_1.pdf](http://www.nova.no/asset/2624/1/2624_1.pdf).
- Fern, E. (2008). *The implications of how social workers conceptualise childhood, for developing child-directed practice An action research study in Iceland*. Óbirt doktorsritgerð: Háskólinn í Warwick. Sótt 28. september af [http://wrap.warwick.ac.uk/2225/1/WRAP-\\_THESIS\\_Fern\\_2008.pdf](http://wrap.warwick.ac.uk/2225/1/WRAP-_THESIS_Fern_2008.pdf).



- Fern, E. og Kristinsdóttir, G. (2011). Young people act as consultants in child-directed research: an action research study in Iceland. *Child family and social work*, 16, 1-11.
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). *Siðareglur félagsráðgjafa*. Sótt 27. febrúar 2011 af:  
<http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=8&Itemid=31>.
- Gautun, H. (2009). *Det nye barnevernbyråkratiet. En studie av samarbeid mellom kommune og stat innen barnevernet*. Oslo: Fafo - rapport.
- Gergen og Gergen. (2004). *Social construction, entering the dialogue*. Ohio: Taos Institute Publications.
- Graham, A. og Fitzgerald, R. (2010-a). Exploring the promises and possibilities for children's participation in Family Relationship Centres. *Family matters*, 84, 53-60.
- Graham, A. og Fitzgerald, R. (2010-b). Progressing children's participation: Exploring the potential of a dialogical turn. *Childhood* 17(3), 343-359.
- Grunnloven* nr. 91/1814.
- Guðrún Kristinsdóttir. (1993). Barnavernd og sérfræðiþróun. *Félagsráðgjafablaðið*, 4(1), 14-24.
- Guðrún Kristinsdóttir. (2004). *Ég hef verið mjög sátt við að vera í fóstri en ...: um reynslu ungs fólks af fóstri*. (Ritröð 2). Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Hårtveit, H. og Jensen, P. (2003). *Familien – pluss én, innføring i familierapi*. Oslo: Tano Aschehoug.
- Heikkilä, M. og Julkunen, I. (2003, 14. október). *Obstacles to an increased user involvement in social services – background report for Council of Europe*. Finland: Stakes.
- Helga Þórðardóttir. (2007). Börn eru klár!: Ég get – aðferðin, er lausnamiðuð og jákvæð leið til að þjálfra og kenna börnum. *Uppeldi*, 20(1), 28-29.
- Hervör Alma Árnadóttir. (2006). *Vill einhver hlusta á mig?: Rannsókn á fjölskyldusamráði frá sjónarhorni barna*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

- International humanitarian law. (e.d.). *Convention on the rights of the child*, 20. November 1989: Norway. Sótt 28. febrúar 2011 af <http://www.icrc.org/ihl.nsf/NORM/50733F19EDF96DECC1256402003FCB9B?OpenDocument>.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008-a). Viðhorf til barna og áhrif á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 17-29). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008-b). Þátttaka barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 115-130). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kristinn Ingvarsson og Sigrún Júlíusdóttir. (1996, október). *Félagsráðgjöf er samspil og samskipti*. Sótt 25. febrúar 2011 af [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=293530](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=293530).
- Lára Björnsdóttir. (2006). Heildrænt skipulag heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sigurður Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 49-61). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lov om barn og foreldre (barnelova) nr. 7/1981.*
- Lov om barneverntjenester (barnevernloven) nr. 100/1992.*
- Lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.*
- McKenzie, M. og Walker, S. (2007). Experiences and challenges of FGC in New Zealand: A view from NZ. Í Schjelderup, L.E. og Omre, C. (ritstjórar), *Veivisere for et fremtidig barnevern* (bls. 37-54). Trondheim: Tapir Akademisk Forlag.
- Nordisk Ministerråd. (2009). *Modeller for barns medvirkning – en eksempelsamling*. Sótt 21. mars 2011 af <http://www.norden.org/no/publikasjoner/publikasjoner/2009-577>.
- Norwegian Ministry of Children and Equality. (2008). *The rights of the child, Norway's forth periodic report to the UN Committee on the Rights of the Child*. Sótt 22. mars 2011 af [http://www.regjeringen.no/upload/BLD/Rapporter/2008/The\\_Rights\\_of\\_the\\_Child.pdf](http://www.regjeringen.no/upload/BLD/Rapporter/2008/The_Rights_of_the_Child.pdf).

- Omre, C. og Schjelderup, L. (2009). *Barn i barnevernet: En studie om barns deltakelse og styrkeprosesser i familieråd*. Trondheim: Tapir akademisk forlag.
- Oterholm, I. (2003). Deltakelse og beslutninger I barnevernet [rafræn útgáfa]. *Nordisk sosialt arbeid, 4*, 217-223.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns nr. 18/1992.*
- Sandbæk, M. og Einarsson, J.H. (2008). *Barn og unge rapporterer til FN om rettighetene sine: Vedlegg til Norges fjerde rapport om barnekonvensjonen*. Sótt 22. mars 2011 af [http://www.nova.no/asset/3180/1/3180\\_1.pdf](http://www.nova.no/asset/3180/1/3180_1.pdf).
- Santrock, J.W. (2006). *Child development*. New York: McGraw-Hill Companies.
- Seim, S. og Slettebø, T. (2007). *Brukermedvirkning i barnevernet*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Slettebø, T., Oterholm, I. og Stavrum, A. (2010). *Brukermedvirkning i det statlige regionale barnevernet*. Sótt 7. apríl 2011 af <http://www.bufetat.no/Documents/Bufetat.no/NBBF/DIAK-Rapport%202010-3.pdf>.
- Stafford, A., Laybourn, A., Hill, M. og Walker, M. (2003). Having a say: children and young people talk about consultation. *Children and Society, 17*, 361-373.
- Statistisk sentralbyrå. (2010-a). *46500 barn med tiltak frå barnevernet*. Sótt 21. mars 2011 af [http://www.ssb.no/emner/02/barn\\_og\\_unge/2009/barnevern/](http://www.ssb.no/emner/02/barn_og_unge/2009/barnevern/).
- Statistisk sentralbyrå. (2010-b). *Demografisk bilde av norske barn*. Sótt 21. mars 2011 af [http://www.ssb.no/emner/02/barn\\_og\\_unge/2009/bef/](http://www.ssb.no/emner/02/barn_og_unge/2009/bef/).
- Steinunn Bergmann (ritstjóri). (2010). *Talaðu við mig! - Leiðbeiningar um samtöl barnaverndarstarfsmanna við börn*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.*
- Umboðsmaður barna. (e.d.). *Hvað er barnasáttmálinn?*. Sótt 4. febrúar 2011 af <http://www.barn.is/krakkasida/barnasattmalinn/>.
- Vis, S.A. (2007). *Sluttrappport prosjekt <<Barn og beslutninger>>*. Helse og Rehabilitering Prosjektnr: 2005/2/0042. Søkerorganisasjon: Redd Barna.

- Warren, J. (2007). *Service User and Carer Participation in Social Work*. Great Britain: Cromwell Press Ltd.
- White, M. og Epston, D. (1990). *Narrative means to Therapeutic Ends*. London, New York: W.W. Norton & Company.
- Pingskjal 57. (2010-2011). Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum. *Alþingistíðindi A-deild*, 139. Sótt 1. mars 2011 af <http://www.althingi.is/altext/139/s/0057.html>.
- Þórhildur Líndal og Flóki Guðmundsson (ritstjórar). (2007). *Barnasáttmálinn: rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumhverfi*. Reykjavík: Unicef.
- Þórhildur Líndal. (2011). Barnasáttmálinn - að mörgu að hyggja. *Úlfjótur*, 64(1), 73-98.
- Örnólfur Thorlacius. (2011, febrúar). *Börn sem eru vitni að heimilisofbeldi: Rannsókn Barnaheilla á félagslegum stuðningi og úrræðum*. Sótt 26. apríl 2011 af [http://lightspeed.hvitahusid.is/barnaheill/Barnaheill\\_heimilisofbeldi\\_skyrsla.pdf](http://lightspeed.hvitahusid.is/barnaheill/Barnaheill_heimilisofbeldi_skyrsla.pdf).